

Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi

Afhending 2020/59

Styrktarfélag vangefinna á Akureyri var stofnað 22. mars 1959. Jóhannes Óli Sæmundsson var kosinn fyrsti formaður félagsins en hann hafði verið einn af þeim sem höfðu unnið hvað ötulast að stofnun þess.

Fyrstu árin var helsta baráttumál félagsins stofnun vistheimilis fyrir fatlaða á Norðurlandi. Töluverðan tíma tók að ná því máli í gegn en árið 1970 skilaði baráttan árangri þegar Vistheimilið Sólborg tók til starfa. Þá hafði félagið staðið í stappi við bæjaryfirvöld, systurfélag sitt í Reykjavík, landlækni og dómsmálaráðuneytið í um 10 ár.

Árið 1970 var nafni félagsins breytt og hét það Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi uppfrá því. Félagið rak Vistheimilið Sólborg frá stofnun þess fram til ársins 1984 þegar Sólborg var afhent ríkinu til rekstrar.

Árið 1971 var stofnuð kvennadeild innan Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi sem starfaði til ársins 1982. Kvennadeildin hélt mánaðarlega fundi yfir vetrartímamann í nokkur ár áður en hún var lögð niður en eftir það fór stjórn félagsins að halda mánaðarlega fundi fyrir félagsmenn.

Félagið stóð að byggingu verndaðs vinnustaðar fyrir fatlaða að Hrísalundi 1b á árunum 1980 – 1981. Byggingin var afhent Sólborg til rekstrar en félagið sat uppi með miklar skuldir vegna framkvæmdarinnar. Árið eftir, 1982, óskaði stjórn Sólborgar eftir aðstoð félagsins við byggingu sundlaugar á Sólborg.

Árið 1996 var Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi lagt niður og allar eigur þess voru afhentar nýstofnuðu félagi sem hlaut nafnið Proskahjálpi á Norðurlandi eystra.

Afhendingin barst frá Svanfríði Larsen. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2018/12, 2019/37 og 2019/82.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

22. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

2020 / 59

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Fundargerðabækur

A-Fundargerðabækur

1971 - 1996

A	1	1	1971 - 1982	Fundargerðabók - kvennadeildin.
A	1	2	1972 - 1973	Fundargerðabók.
A	2	1	1980 - 1986	Fundargerðabók.
A	2	2	1986 - 1996	Fundargerðabók.

B-Almennt

B-Almennt

1959 - 1998

B	1	1	1977 - 1994	Bréf, innkomin og send ásamt fylgiskjöllum.
B	1	2	1982 - 1988	Styrkbeiðnir og afgreiðsla þeirra.
B	1	3	1970 - 1988	Lög félagsins 1970 og 1982; ársskýrslur 1981-1988; ársskýrsla kvennadeildar 1981.
B	1	4	1959 - 1985	Félagaskrár og íbúar á Sólborg (óheilt).
B	1	5	1959 - 1979	Ársreikningar og sjóðyfirlit.
B	1	6	1975 - 1994	Ársreikningar.
B	1	7	1980 - 1982	Verndaður vinnustaður - ýmis gögn.
B	1	8	1983 - 1995	Gjafasjóður/Sundlaugarsjóður; umsóknir um styrki; sala á framleiðsluvörum løjulundar; ársreikningar gjafasjóðs; kostnaðaryfirlit vegna sundlaugarbyggingar.
B	1	9	1983 - 1984	Afhending Vistheimilisins Sólborgar til ríkisins - ýmis gögn.
B	2	1	1975 - 1996	Skipulagsskrá Sólborgar; kaupsamningur vegna Oddeyrargötu 32; gögn vegna arfs til félagsins o.fl. varðandi sögu Sólborgar.
B	2	2	-	Elín Jónsdóttir; Kennslumál vangefinna á Sólborg. Lokaritgerð réttindanáms K.H.Í. (án árs.)
B	2	3	-	Grundvallaratriði normaliseringar. (án árs).
B	2	4	1969 - 1995	Minningarsjóðurinn Vinarhöndin, skipulagsskrá; gjafabréf; erfðaskrá Júðitar Jónbjörnsdóttur.
B	2	5	1969 - 1998	Vinarhöndin: bréf, umsóknir um styrki ásamt fylgigögnum o.fl.
B	2	6	1974 - 1996	Vinarhöndin, ársreikningar.